

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2012/EES/67/01

frá 7. desember 2011

um viðurkenningu á Grænhöfðaejnum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 8998)

(2011/821/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af beiðni frá Kýpur 13. maí 2005,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skírteini farmanna sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin) ⁽²⁾, eins og henni var breytt 1995.
- 2) Hinn 13. maí 2005 og 1. desember 2005 óskaði Kýpur bréflaga eftir viðurkenningu á Grænhöfðaejnum. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni, metið kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna á Grænhöfðaejnum til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar sérfræðinga á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu í júní 2006. Við þá skoðun komu í ljós tilteknir annmarkar á kerfum fyrir þjálfun og skírteinisútgáfu.
- 3) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin fór fram á það bréflaga, 2. febrúar 2009, 8. desember 2009 og 17. september 2010, að Grænhöfðaejnar legðu fram sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið bót á annmörkunum sem komu í ljós.

- 5) Yfirvöld á Grænhöfðaejnum létu í té umbeðnar upplýsingar bréflaga, 23. apríl 2009, 19. janúar 2010, 4. desember 2010, 25. febrúar 2011, 10. mars 2011 og 25. maí 2011, ásamt sönnunargögnum að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á flestum þeim annmörkum sem komu í ljós við mat á reglufylgni.
- 6) Þeir ágallar sem eftir standa varða annars vegar skort á tilteknum þjálfunarbúnaði hjá helstu mennta- og þjálfunarstofnun fyrir farmenn á Grænhöfðaejnum og hins vegar varða þeir tiltekið námskeiðsefni í tengslum við A-III/2 í STCW-kóðanum. Yfirvöld á Grænhöfðaejnum hafa því verið hvött til að gripa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þessir ágallar gefa þó ekki tilefni til efasemda um að kerfin á Grænhöfðaejnum samrýmist almennt ákvæðum STCW-samþykktarinnar að því er varðar þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.
- 7) Niðurstæða mats á reglufylgni yfirvalda á Grænhöfðaejnum og mats á upplýsingum frá þeim sýnir að Grænhöfðaejnar uppfylla allar viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Grænhöfðaejnar hafa verið viðurkenndar, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim Kallas

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

⁽²⁾ Samþykkt af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.